

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

287. fundur

Föstudaginn 4. maí 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Guðlaug Kristjánsdóttir.

Fjarverandi: Gunnar Valur Gíslason og Bryndís Haraldsdóttir

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. MaaS
2. Árshlutauppgjör 31. mars 2018.
3. Innri endurskoðun
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Leiðarkerfi
6. Vinnustaðagreining 2018
7. Vetnisverkefnið

Tekið fyrir:

1. MaaS

Skúli Örn Sigurðsson, sölustjóri Strætó, kynnti MaaS sem stendur fyrir samþættingu umhverfisvænna ferðamáta og fór yfir þau skref sem Strætó hefur tekið til að styðja betur við umhverfisvænar samgöngur, t.a.m. samstarf við Zipcar deilibleyfirtæki og hjólaleigur WoWair

Umræður um samstarf Strætó við fleiri aðila sem styðja við umhverfisvænar samgöngur, t.a.m. fyrirtæki sem hefur umsjón með hjólastæðum.

2. Árshlutauppgjör 31. mars 2018

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins 31. mars 2018. Árshlutauppgjörð er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Uppgjörð fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins kemur betur út en áætlun gerði ráð fyrir.

Á tímabilinu var framlag til Brú lífeyrissjóð greitt að fjárhæð 1.036 m.kr. Framlagið var fjármagnað að stærstum hluta með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að rekstraráætlun 2018 standist.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjörð með undirritun sinni.

3. Innri endurskoðun

Sviðsstjóri fjármála og reksturs fór yfir tímasett aðgerðaráætlun vegna úttektar innri endurskoðunar 2018 í samræmi við bókun á fundi stjórnar 13. apríl 2018.

Stjórn óskar eftir að farið verði yfir framvindu við vinnu við úrbætur á ferlum í tengdum athugasemdum innri endurskoðenda fyrir lok október 2018.

4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var meðal notenda ferðaþjónustu fatlaðra.

Könnunin var send til um 600 notenda, þ.e. allra sem nýtt hafa þjónustuna síðastliðna 3 mánuði. Svar bárust frá um 259 notendum, sem er um 43% svarhlutfall er heldur betra svarhluta en árið áður.

Almennt eru notendur nokkuð sáttir við þjónustuna, sérstaklega er rétt að nefna ánægju með viðmót bílstjóra og gæði og öryggi bílanna. Engu að síður er ljóst er að hægt er að gera betur á mörgum sviðum, t.a.m. stundvísi og svörun í þjónustuveri.

Samþykkt að senda niðurstöður könnunarinnar til félagsmálanefnda þeirra sveitarfélaga sem standa að þjónustunni, ásamt stuttri greinagerð á stöðu akstursþjónustunnar.

5. Leiðakerfi

Umræður um leiðakerfisbreytingar sem gerðar voru í upphafi árs 2018, þar að meðal lagfæringar á leið 6 og breytingar í Kópavogi.

Stjórn samþykkti að gerðar verða lagfæringar á ákveðnum leiðum í samræmi við umræður á fundinum.

6. Vinnustöðugreining 2018

Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðarlisti vegna niðurstöðu vinnustöðugreiningar Strætó 2018 þar sem farið var yfir helstu þætti sem er verið að vinna að til að bæta aðbúnað og auka ánægju starfsmanna Strætó.

7. Vetnisverkefnið

Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 27. apríl 2018. Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref verkefnisins og lagði fram minnisblað um verkefnið í samræmi við ósk stjórnar á síðasti fundi.

Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að halda áfram með verkefnið og gerð útboðsgagna.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör Strætó bs. 31. mars 2018
- Kynning á árshlutauppgjöri 31. mars 2018, dagsett 4. maí 2018
- Minnisblað um vetnisverkefnið JIVE2, dagsett 2. maí 2018
- Kynning Maas, dagsett 4. maí 2018
- Þjónustukönnun Akstursþjónusta fatlaðs fólks 2018
- Akstursþjónusta fatlaðs fólks – greinagerð 8. maí 2018

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson

Sigrún Edda Jónsdóttir